

6. fundur háskólaráðs Landbúnaðarháskóla Íslands var haldinn mánudaginn 15. nóvember kl. 16.00 í fundarsal landbúnaðarráðuneytisins.

Þessir sátu fundinn.

Ágúst Sigurðsson, Eiríkur Blöndal, í forföllum Haraldar Benediktssonar, Brynhildur Einarsdóttir, Ólafur Arnalds, Stefán Kalmannsson, Jón Torfi Jónasson, Ari Teitsson, Brynja Dögg Ingólfssdóttir, í forföllum Jóns Örvars Jónssonar og Hákon Sigurgrímsson, sem ritaði fundargjörð.

Þetta var gert:

1. Afgreiðsla fundargerð

Fundargjörð 5. fundar lögð fram og samþykkt án athugasemda

2. Undirbúningur skipurits og starfsreglna

Rektor greindi frá vinnu við undirbúning skipurits fyrir háskólann ásamt starfsreglum og lagði fram endurskoðaðar tillögur bæði að skipuriti og starfsreglum, sem ráðinu hafði verið sendar.

3. Bréf frá starfsmönnum Garðyrkjuskóla ríkisins

Lagt fram bréf frá starfsmönnum Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum, einnig bréf frá Félagi garðplöntuframleiðenda og frá stjórn Sambands garðyrkjubænda þar sem fram koma ábendingar varðandi skipulag hinnar nýju stofnunar.

4. Skipurit fyrir LBHÍ

Rektor lagði fram drög að skipuriti fyrir skólann. Rektor og Ólafur Arnalds gerðu grein fyrir mikilli umræðu meðal starfsmanna um skipuritið. Rætt var um heiti deilda og færði rektor skýr rök fyrir heitunum, Auðlindadeild og Umhverfisdeild og lagði áherslu á að þau yrðu ofan á. Háskólaráð féllst á rök hans og samþykkti einróma fyrirliggjandi tillögu að skipuriti Landbúnaðarháskóla Íslands. Sjá fylgiskjal 1.

5. Starfsreglur fyrir LBHÍ

Ari Teitsson benti á að ekki væri skýrt tekið fram í 1. gr. starfsreglnanna hvert væri hlutverk Landbúnaðarháskóla Íslands eins og það er skilgreint í 5. gr. laga um búnaðarfræðslu nr. 57/199 og V. kafla laga nr. 64/165 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Eftir nokkrar umræður varð samkomulag um breytingar á greininni. Staðfestur var sá skilningur varðandi hlutverk aðstoðarrektora skv. 3. gr. að þeir gegni hlutverki staðgengils rektors eftir nánari ákvörðun rektors hverju sinni. Fram kom einnig það sjónarmið að taka bæri fram í 5. gr. starfsreglna að hlutverk sviðsstjóra rannsóknamála væri að sjá til þess að jafnvægis sé gætt milli kennslu og rannsókna. Niðurstaða umræðna um þetta efni varð sú að þessa þyrfti að gæta en slíkt eftirlit ætti að vera í höndum rektors. Rætt var um einstaka liði í drögum að starfsreglum. Rektor lagði áherslu á, að hafa í höndum samþykkt að starfsreglum sem dygði honum til þess að ganga frá ráðningu starfsfólks svo óvissu þess væri eytt og hægt væri að undirbúa þá starfsemi sem þyrfti að hefjast í ársbyrjun 2005 samkvæmt nýju skipuriti. Fram komu ábendingar um vissar breytingar á starfsreglum og í ljósi þeirra voru drög að starfsreglum samþykktar að því marki að rektor væri heimilt að ráða starfsfólk að stofnuninni á grundvelli þeirra. Endanlegum frágangi starfsreglna var síðan frestað til næsta fundar.

6. **Bókanir.**

Jón Torfi Jónasson óskaði að bókað væri að hann lýsti ánægju sinni með að náið samráð hefði verið haft við starfsfólk stofnananna við mótun skipurits og starfsreglna.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, fulltrúi nemenda, óskaði eftir því að samstarf verði haft við nemendur skólans þegar farið verður að móta nánar ákvæði 5. kafla starfsreglnanna varðandi nemendur, kennslu og próf.

7. **Önnur mál.**

Hákon Sigurgrímsson vakti máls á því að aðilar garðyrkjunnar teldu sig afskipta varðandi möguleika til að hafa áhrif á mótun hinnar nýju stofnunar þar sem þeir ættu ekki fulltrúa í háskólaráði. Flutti hann tillögu um að Bjarni Finnsson, formaður skólanefndar Garðyrkjuskóla ríkisins, fái rétt til setu á fundum háskólaráðs með málfrelsi og tillögurétti. Skiptar skoðanir voru um slíkt fyrirkomulag en tekið undir það sjónarmið að mikilvægt væri að finna leið til þess að ólík sjónarmið fái notið sín. Afgreiðslu tillögunnar frestað.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.